

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 72/2021**

**frá 5. febrúar 2021**

**um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1803 frá 27. nóvember 2020 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna prentefnis, ritfanga úr pappír og burðarpoka úr pappír <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1804 frá 27. nóvember 2020 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna rafeindaskjáa <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1805 frá 27. nóvember 2020 um breytingu á ákvörðunum 2014/350/ESB og (ESB) 2016/1349 að því er varðar að framlengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir textílvörur og skófatnað sem og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun <sup>(3)</sup>.
- 4) Ákvörðun (ESB) 2020/1803 fellir niður ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 2012/481/ESB <sup>(4)</sup> og 2014/256/ESB <sup>(5)</sup> sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðirnar brott úr samningnum.
- 5) Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2020/1804 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/300/EB <sup>(6)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 6) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 402, 1.12.2020, bls. 53.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 402, 1.12.2020, bls. 73.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 402, 1.12.2020, bls. 89.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 223, 21.8.2012, bls. 55.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 135, 8.5.2014, bls. 24.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 82, 28.3.2009, bls. 3.

1. gr.

XX. viðauka við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 2g (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1349):

„, breytt með:

– **32020 D 1805**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1805 frá 27. nóvember 2020 (Stjtið. ESB L 402, 1.12.2020, bls. 89).“

2. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 2j (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/300/EB):

„**32020 D 1804**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1804 frá 27. nóvember 2020 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna rafeindaskjáa (Stjtið. ESB L 402, 1.12.2020, bls. 73).“

3. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 2zn (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/350/ESB):

„– **32020 D 1805**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1805 frá 27. nóvember 2020 (Stjtið. ESB L 402, 1.12.2020, bls. 89).“

4. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 2zr (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/70):

„2zs. **32020 D 1803**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1803 frá 27. nóvember 2020 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna prentefnis, ritfanga úr pappír og burðarpoka úr pappír (Stjtið. ESB L 402, 1.12.2020, bls. 53).“

5. Texti liða 2zf (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/481/ESB) og 2zl (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/256/ESB) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1803, (ESB) 2020/1804 og (ESB) 2020/1805, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Clara Ganslandt***

*formaður.*

ÓOPINBER ÞÝÐING